

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Ragnar Halldórsson og Þórólfur Beck, greiði óskipt stefnandanum, Sælgætis- og efnagerðinni Freyju h/f, kr. 8032.27 með 5% ársvöxtum frá 26. marz 1943 til greiðsludags og kr. 1000.00 í mats- og málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 21. október 1944.

Kærumálið nr. 10/1944. J. Þorláksson & Norðmann
gegn

Þorláki Einarssyni.

Dómkvaðning matsmanns.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 5. okt. þ. á. og hingað komnu 7. s. m. hefur borgardómariinn í Reykjavík sent hæstarétti kæru sóknaraðilja frá 2. s. m. á úrskurði borgardómara sama dag í matsmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en varnaraðili krefst staðfestingar á honum.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Með því að hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. október 1944.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur er rekið mál af hendi Þorláks Einarssonar, verkamanns hér í bæ, gegn firmanu J. Þorláksson & Norðmann, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir, er hann var að vinnu að uppskipun á vegum stefnda. Umboðsmenn aðilja töldu gagnasöfnun í málinu lokið á síðastliðnu sumri, skömmu áður en þingleyfi hófust. Dómariinn

ákvað því næst dag til munnlegs málflutnings, er fram fór þann 19. f. m. Eftir dómtöku málsins þótti sýnt, að ýms mikilsvarðandi gögn vantaði í málið, og kvað dómariinn því upp úrskurð þann 20. s. m. á þá lund, að málsaðiljum gæfist kostur á að afla tiltekinna gagna áður en dómur yrði felldur í málinu. M. a. var talin nauðsyn á að afla álitsgerðar sérfróðra manna um öryggi uppskipunar þeirrar, er í málinu greinir, svo og um það. í hverju starf svo-nefnds „lúgumanns“ eigi að vera fólgið. Með bréfi, dags. 22. f. m., fóru málflutningsmenn stefnda, hæstaréttarlögmennirnir Eggert Claessen og Einar Ásmundsson, þess á leit við borgardómara, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þessarar álitsgerðar, og á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var 23. f. m., voru þeir Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþm., og Sigurður Pétursson, fyrrum skipstjóri á e/s Gullfossi, kvaddir til þessa starfa. Með bréfi, dags. 28. f. m., hafa fyrrnefndir málflutningsmenn stefnda krafizt þess, að dómkvaðning þessari verði breytt að því leyti, að annar maður verði settur í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar. Telja þeir Sigurjón ekki óvilhallan, þar sem hann sé formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, en meðlimir þess félags vinni mjög oft við uppskipanir, og muni hinn dómkvaddi maður því hafa áhuga fyrir því, að ábyrgð þeirra, sem fyrir uppskipun standa, sé sem viðtækust.

Að beiðni fyrrnefndra málflutningsmanna er þessi krafa þeirra tekin til úrskurðar í samræmi við ákvæði 143. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Þess skal getið, að málsaðiljar hafa ekki komið sér saman um matsmenn, og koma ákvæði 3. mgr. 139. gr. einkamálalaganna því ekki til greina hér.

Að áliti dómarsins er Sigurjón Á. Ólafsson hinn hæfasti maður til þess starfa, sem hann er dómkvaddur til, þar sem hann hefur gegnt störfum við afgreiðslu skipa hér í bænum um margra ára skeið, enda hefur hann og áður verið dómkvaddur til slíkrar álitsgerðar í hæstaréttarmáli, án þess að nokkuð þætti athugavert við. Stefndandi fyrrnefnds bæjarþingsmáls er ekki félagsmaður í Sjómannafélagi Reykjavíkur, og getur það, að Sigurjón Á. Ólafsson er formaður þess félags, ekki talizt valda því, að hann sé vilhallur að þessu leyti, þótt félagsmenn Sjómannafélagsins kunni ef til vill stundum að gegna uppskipunarstörfum, eins og jafnt er hugsanlegt um þátttakendur í margs konar öðrum félagsskap.

Borgardómariinn, Árni Tryggvason, telur því enga ástæðu til að breyta framangreindri dómkvaðningu.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa um breytingu á dómkvaðningu verður ekki tekin til greina.